

Mannanöfn, menning og saga.

I.

Nafnið Evripides hafði misprentast. Varð þetta til að minna mig á að eg hafði fyrir löngu æflað að láta í ljós að dáum mína á grískum nafnagiftum. Hið mikla skáld fekk nafn sitt af því, að hann fæddist í sjófjörð þar sem heitir Evripos, en það býðir falla-, strauma- og kvikusund. Það er ekki ósklegt, að Grikkir hafi í heiri segund menningar, sem kemur fram í heitum einstaklinganna, verið öllum öðrum fremri. Heitun þyddu vanalega eitthvað það, sem æskilegt þótti og aðdáan-

legt, að maðurinn væri eða hefði til að bera. Og stundum áttu þau einstaklega vel við, einsog þegar sá sem frægastur varð og ágætastur grískra stjórnenda hétt Perikles, en það býðir alfrægur. En vinkona hans hétt Aspasia, en það býðir: hin aðlaðandi, elskulega, kyssilega. Eða þegar hinn mikli visinda- og vitkunarfrömuður hétt Aristoteles: hið besta að sér ger. En hið rétta nafn Platóns var Aristokles: hið besta frægur. En það nafn spekingsins, sem altaf er notað, var aðeins viðurnefni og býðir: breiður. En menn greinir á um hvort nafn það eigi við breidd ennis eða herða. — Eitt hið allrabesta nafn grískt er Aristeys, og býðir sá sem bestur er eða best gerir; en ekki hefir neinn af þeim, sem frægastir urðu í grískri sögu, svo heitið. Önnur eins snild og speki og i mannanöfnunum grísku kom i norrænni menningu aðeins fram í goðanöfnum, og þá einkum gyðjanna. Nöfnin Frigg, Sif, Sjófn, Iðunn, Nanna taka á aðdáanlegan hátt fram það, sem góð koma hefir til síns ágætis. En Syn aftur á móti, það sem ekki er gott að verða fyrir.

II.

Um grísk mannanöfn mætti mikil rita og fróðlega, en eg ætla aðeins að nefna eitt til. Alkibiades gæti lýtt: sá sem bæði er sterkur og hugrakkur, en þó öllu fremur: hinn ofsayfulli orþeldismaður. En þessu nafni hétt sá, sem mestur atkvæðamaður varð í grískri sögu, og þó til ills. Hann var sjálfur Aþenumaður, en varð þó til þess að kenna Spartverjum ráðin til að sigra Aþenuborg, sem var komin vel á veg til að verða heimsveldi, líkt og Róm varð seinni. En þó má ekki gleyma því, þegar daema skal um Alkibiades, hversu heimskulega samborgarar hans breyttu gagnvart honum. Þeir kölluðu hann heim og ætluðu honum liflát, sennilega fyrir lognar sakargiftir, þegar hann var lagður af stað sem foringi þess leiðangurs, er hann sjálfur hafði verið hvatamaður að, og vafalitið virðist að sigursæll hefði orðið með hans forustu. En þá hefði Grikkjum auðnast bað, sem Rómverjar urðu til að gera seinna, leggja undir sig Italiu, Karthagóborg, og svo á-

fram. Það er nokkuð ihugunarvert, að i hinu mikla söguverki Púkydidess, er hin komandi heimsstærð Rómaborg, sem hafði þó þá verið til i nokkrar aldir, ekki nefnd á nafn. En það er síður ástæða til að undrast þó að erfðilega gangi að sjá hvað framtíðin ber i skauti sínu, þegar þess er gætt hve illa mönnum gengur að laera það, sem saga fortíðarinnar ætti að geta kent þeim. Sagan sýnir á tiltakanlega fróðlegan hátt hvernig hin ar sifeldu deilur og styrjaldir Grikkja sin á milli urðu til þess að eyðileggja hina merkilegustu menningu, sem fram hafði komið á þessari jörð. Og þó eru stórpjöldir Evrópu nú að leika upp aftur sama leikinn, þó að í miklu stærra stil sé og með miklu stórvirkari eyðileggingsaráferðum — jafnframt því sem í austrinu er að risa ægilegra heimsveldi en nokkuð sem verið hefir aður, og hinni nauðsynlegu forustu hins hvíta mannkynspáttar er hin mestu hætta búin.

III.

Eg leyfi mér að halda, að ófríður þessi, sem nú geysar, mundi aldrei hafa komið upp, ef til hefði verið gleggri og viðtækari skilningur á eðli og sögu lífsins, og þá sérstaklega á hinum tveimur stefnum, Helstefnu og Lifstefnu, og því, hvert leiðir liggja, eftir því hvorri er fylgt. Vist er, að nú er verið á glötunarvegi. Í ófríði og með ófríði verður aldrei sá sigur unnnin sem þarf. Sigur sannleikans er hið eina, sem bjargað getur. En samleikurinn, sem er guð almáttugur þar sem hann er beginn og ræður öllu, er því miður svo litlis máttar og á svo erfitt uppdráttar á Helvegi, þar sem hverskonar lygi og misskilningur veður uppi og er í mestum metum.

4. febr.

Helgi Pjeturss.

— Hvaða óttaleg hlaup eru þetta, maður?

— Tefðu mig ekki! Eg var að enda við að flytja erindi í útvarpis, og nú er eg að flýta mér heim til þess að geta að minsta kosti hlustað á niðurlagið.